

**Nd.**

**576. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 464. [*Kosningalög*].

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

Nái III. á þskj. 464 eigi samþykki, kemur í staðinn þetta:

a. 3. gr., sem verður 5. gr., orðist svo:

27. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, skal orða svo:

Á dagmálum skal kjörfund setja, og skulu þá kjörstjórar allir komnir á kjörstað. Nú eru nokkrir þeirra ókomnir, og kveðja þá hinir valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi til síðar.

b.

6. gr.

38. gr. sömu laga skal orða svo:

Atkvæðagreiðslu má eigi slíta fyr en á miðnætti, nema allir kjósendur hafi neytt atkvæðisrjettar, þeir sem á kjörskrá eru.

Þá er allir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn þeirra atkvæði, á sama hátt sem aðrir kjósendur, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í fyrri málsgrein 37. gr., og þeim fengnir nýir sedlar til að greiða atkvæði á, meðan sedlar endast. Í sveitum má þó láta þessa kjósendur greiða fyr atkvæði en hjer var sagt, ef nauðsyn krefur, svo að þeir megi fara ferða sinna.